



Húftryggingarskilmálar fyrir íslensk fiskiskip

100,50 rúmllestir brúttó eða stærri

Vátryggingarskilmálar nr. MM30

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. MM30.
- Sameiginlegir skilmálar nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Framlenging vátryggingartímabils
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Áhættubreyting
9. Útreikningur iðgjalds
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Eigendaskipti
13. Eigin áhætta

B. Húftrygging

14. Bundið vátryggingarverð
15. Bótasvið vegna algers tjóns
16. Bótasvið vegna tjóns að hluta
17. Skip sama eiganda
18. Samsömun
19. Ákvörðun bóta
20. Viðgerð á skemmdum
21. Réttur félagsins til tjónamuna
22. Niðurjöfnunarreglur vegna tjóna á íslenskum fiskiskípum
23. Tvítrygging
24. Fyrning

C. Ábyrgðartrygging

25. Vátryggingarfjárhæð
26. Bótasvið
27. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
28. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
29. Staða tjónþola við tjón
30. Meðferð bótakrafna
31. Fyrning

A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

1. Vátryggðir hagsmunir

1.1 Vátryggingin tekur til skips þess sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og fylgijár þess.

1.2 Til fylgijár skipsins teljast vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, öxlar, gírar, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, fjarskiptatæki, siglingatæki og annar sambærilegur búnaður sem telst nauðsynlegur á hverjum tíma, auk varahluta, enda séu þessir munir um borð í skipinu.

1.3 Vátryggingin tekur ekki til hugbúnaðar, fiskikassa, fiskikara, umbúða, pakkninga, afla og veiðarfæra, þ.á m. varpa ásamt hlerum og vírum, nema og senda sem festir eru við veiðarfæri, belgja, bauja og bólfæra.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

2.1 Eigandi skips er vátryggður.

2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í skipinu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á siglingasvæði norðan við 40° norðlægrar breiddar og sunnan við 70° norðlægrar breiddar, nema um annað sé samið. Á tímabilinu 15. maí til 16. nóvember gildir vátryggingin einnig norðan við 70° norðlægrar breiddar.

4. Framlenging vátryggingartímabils

4.1 Ef vátryggingu myndi lokið meðan skip er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt vátryggingar-samningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi kl. 24.00 á komudegi skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess miðað við staðartíma.

4.2 Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum getur félagið krafist iðgjalds fyrir framlenginguna, 1/365 hluta af síðasta ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem vátryggingin er framlengd.



4.3 Að öðru leyti vísast til 2. gr. sameiginlegra skilmála félagsins nr. YY10 um váttryggingartímabilið.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

5.1 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.2 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

6.1 Skipið skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal váttryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.

6.2 Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber váttryggðum að hafa reglulegt eftirlit með skipinu þegar það er í höfn eða í lægi.

6.3 Váttryggður skal sjá til þess að skipinu sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Skipið skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.

6.4 Váttryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Áhættubreyting

Allar breytingar á gerð váttryggðs skips og notkun, sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, skal tilkynna félaginu tafarlaust. Um réttaráhrif áhættuaukningar fer eftir ákvæðum 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Útreikningur iðgjalds

Iðgjald váttryggingarinnar er reiknað út frá notkun, gerð og verðmæti váttryggðs skips.

10. Greiðsla iðgjalds

10.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

10.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Endurgreiðsla iðgjalds

11.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

11.2 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati félagsins skal að váttryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta iðgjaldsins. Ef um er að ræða skip sem er stærra en 250 rúmlestir og stundar eingöngu togveiðar skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 10 daga eða lengur. Fyrir önnur skip skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur.

12. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

13. Eigin áhætta

13.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjun-arkvittun.

13.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærra en fjárhæð eigin áhættu.

B. Húftrygging

14. Bundið váttryggingarverð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



15. Bótasvið vegna algers tjóns

Vátryggingin bætir tjón ef:

- 15.1 Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það eða kostnaður við að bjarga því og gera við það er hærrí en vátryggingarfjárhæðin.
- 15.2 Skipið hefur ekki komið fram þremur mánuðum eftir að síðast spurðist til þess eða áhöfnin hefur yfirgefið skipið og það er ekki komið undir umráð vátryggðs innan þriggja mánaða frá því það var yfirgefið.
- 15.3 Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki og ekki látið laust innan sex mánaða. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að skip er gert upptækt í refsímáli, kyrrsett eða selt að kröfu skuldeightumanna.

16. Bótasvið vegna tjóns að hluta

Vátryggingin bætir tjón vegna:

- 16.1 Skemmda á skipinu sökum skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar, nema sérstök undantekning sé gerð í vátryggingarsamningnum, svo og skemmda sem raktar verða til einfalds gáleysis skipverja eða þriðja manns.
- 16.2 Skemmda sem stafa af því að galli er í efni skipsins, smíðisgalli eða viðgerðargalli á því eða hlutum þess, enda verða skaðabætur ekki fengnar úr hendi þeirra sem ábyrgð kunna að bera á slíkum göllum.
- 16.3 Kostnaðar við björgun, svo og eðlilegs kostnaðar við ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. þó ákvæði siglingalaga um takmörkun ábyrgðar.
- 16.4 Þátttöku í sameiginlegu sjóþjóni eins og slík þátttaka er ákveðin í York-Antwerpen reglunum.
- 16.5 Kostnaðar sem óhjákvæmilega fylgir tjónsviðgerð, þ.e. starfsmannakostnað, slippkostnað, eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld, gæslu, þóknun til skoðunarmanns flokkunarfélags, svo og þóknun til skoðunarmanns eiganda ef um meiri háttar tjón er að ræða, eins og nánar er ákveðið í niðurröfnunarreglum í 22 gr. skilmálanna. Þóknun til skoðunarmanns eiganda er háð fyrirfram samþykki félagsins.
- 16.6 Kostnaðar við förgun muna vegna bótaskylds tjóns.
Vátryggingin bætir ekki:
- 16.7 Skemmdir á þeim hlutum skipsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
- 16.8 Tjón sem stafar af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón sem rakið verður

til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.

- 16.9 Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð að því marki sem útgerðarmaður hefði sjálfur orðið að greiða hann fyrir eigin reikning vegna útgerðarinnar, viðhalds og/eða viðgerðar, ef hin bótaskylda viðgerð hefði ekki farið fram samtímis.
- 16.10 Kostnað vegna yfir- og helgidagavinnu.
- 16.11 Kostnað við að mála og hreinsa botn skipsins.
- 16.12 Óbeint tjónt, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf, sbr. þó gr. 16.5.
- 16.13 Sektir og önnur refsiviðurlög.

17. Skip sama eiganda

- 17.1 Nú rekst vátryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskilylt samkvæmt skilmálum þessum þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 17.2 Þegar svo stendur á skulu vátryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann skal þess óskað að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni hann. Niðurstaða gerðarmanns er bindandi og verður henni ekki skotið til dómstóla.

18. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnenda hins vátryggða skips.

19. Ákvörðun bóta

- 19.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi samkvæmt 2. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. gr. 15.1 skilmála þessara, bætir félagið tjónið með því að greiða vátryggingarfjárhæðina.
- 19.2 Skemmdir á skipinu bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á vátryggðan, ásamt tilheyrandi kostnaði, sbr. þó niðurröfnunarreglur í 22. gr.
- 19.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins við hvern einstakan vátryggingaratburð skulu ekki vera hærrí en vátryggingarfjárhæðin.
- 19.4 Við uppgjör tjóna á skipinu skal aldrei greiða hærrí bætur en nemur frumverði hlutarins að frádreginni afskrift miðað við aldur hans. Í eftirfarandi afskriftarreglum kemur fram hvað hver hlutur afskrifast um á ári í prósentum og í hvað mörg ár.



Afskriftarreglur

Heiti	%	ár
Aðalvél, gír, skrúfa, hjálparvélar og tengdur búnaður	2	15
Önnur tæki og búnaður	6	13
Raflagnir	4	21
Röralagnir utan vélarúms	5	17

Bolur, yfirbygging og innréttingar afskrifast um 2 % á ári fyrstu 5 árin, 4% næstu 5 ár og síðan um 5% á ári næstu 12 ár þar á eftir.

- 19.5 Ef skip ferst og fyrir eru óviðgerðar skemmdir á því sem tilkynntar hafa verið til félagsins og félagið hefur haft tækifæri til að skoða, koma engar bætur vegna þeirra við uppgjör á tjóninu. Fyrri tilkynnt og óuppgerð tjón eru meðhöndluð á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.
- 19.6 Nú semur félagið við váttryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. gr. 15.1, og váttryggður heldur skipinu og skulu þá bæturnar aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði eins og dómkvaddir matsmenn meta hann eftir ákvæðum skilmálanna og niðurrjöfnunarreglum í 22. gr.
- 19.7 Nú er gert við skipið þó að skilyrði gr. 15.1 séu fyrir hendi og takmarkast þá greiðsluskylda félagsins við váttryggingarfjárhæðina en að frádregnu verðmæti skipsins eftir váttryggingaratburð. Þó eru greiddar hæfilegar bætur umfram váttryggingarfjárhæðina vegna kostnaðar váttryggðs við að varna tjóni eftir að váttryggingaratburður hefur gerst, sbr. 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 19.8 Sé skip selt áður en viðgerð fer fram gilda reglurnar í gr. 19.6 ef sannað er að söluverð skipsins lækkaði sem nam eigi lægri fjárhæð en metnum viðgerðarkostnaði hinna óviðgerðu skemmda.

20. Viðgerð á skemmdum

- 20.1 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 20.2 Váttryggður skal sjálfur annast viðgerð á skemmdum á skipinu nema félagið fari fram á annað. Váttryggður skal hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem váttryggingin bætir. Geri hann það ekki er félaginu óskytt að greiða kostnaðarauka sem af því kann að leiða.
- 20.3 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá váttryggingaratburði og er félaginu ekki skytt að greiða kostnaðarauka ef dráttur verður lengri. Sama gildir ef efnislegt tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

21. Réttur félagsins til tjónamuna

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir algert tjón eða einstaka hluti öðlast það rétt váttryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutnum, sem það hefur bætt. Félagið á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá váttryggðum.

22. Niðurrjöfnunarreglur vegna tjóna

Slippkostnaður

- 22.1 Félagið bætir allan kostnað við upp- og framsátur ef eingöngu er unnið við skipið í slipp vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn ef einnig er unnið fyrir reikning útgerðarmanns. Nú eru fullir sex mánuðir liðnir frá því að skipið var síðast í slipp og greiðir þá útgerðarmaður allan kostnað við upp- og framsátur.
- 22.2 Félagið bætir allan kostnað við hliðarfærslu í slipp ef færa þarf skipið eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn ef einnig þarf að færa skipið vegna aðgerða fyrir reikning útgerðarmanns.
- 22.3 Slippleigan skiptist á milli félagsins og útgerðarmanns í beinu hlutfalli við þann dagafjölda sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Starfsmannakostnaður

- 22.4 Ef skip tefst frá veiðum eða annarri eðlilegri notkun vegna bótaskyldrar viðgerðar bætir félagið kauptryggingu yfirmanna skipsins í samræmi við kjarasamninga LÍÚ að frádregnum sjö fyrstu dögum er skipið tefst. Kaup greiðist þó aldrei fyrir lengri tíma en nemur lögboðnum uppsagnarfresti að frádregnum sjö dögum. Til yfirmanna teljast skipstjóri, stýrimenn, og vélstjórar.
- 22.5 Starfsmannakostnaður bætist ekki nema skemmdir séu þess eðlis að viðgerð verði að fara fram innan sex mánaða frá því að váttryggingaratburð bar að höndum. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að útgerðarmanni sé skylt að greiða nefndan starfsmannakostnað.
- 22.6 Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns skiptist kauptrygging milli félagsins og hans í beinu hlutfalli við þann dagafjölda sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.
- 22.7 Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki félagsins bætir félagið starfsmannakostnað vegna þeirra skipverja sem þarf til að sigla skipinu milli landa og fer upphæð kostnaðarins eftir því sem ákveðið er hverju sinni í heildarkjarasamningum



milli sjómanna og útgerðarmanna. Nú er samtímis unnið við skipið fyrir reikning útgerðarmanns og skiptist þá starfsmannakostnaðurinn í hlutfalli við þann dagafjölda sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér. Félagið bætir á sama hátt kostnað við að senda skipverjana heim og út aftur til að sækja skipið ef sú ráðstöfun kostar minna en dvöl þeirra erlendis.

Eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld og varðstaða

- 22.8 Félagið bætir eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld og nauðsynlega varðstöðu meðan skipið tefst í höfn vegna bótaskyldrar viðgerðar. Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns vegna breytinga á skipinu, nauðsynlegrar viðgerðar eða nauðsynlegs viðhalds, skiptist þessi kostnaður á sama hátt og slippleiga.
- 22.9 Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki félagsins bætir félagið eyðslu í vélum skipsins á siglingunni á sama hátt og starfsmannakostnað.

Léttbátur

- 22.10 Léttbátur skipsins er vátryggður með skipinu og bætir félagið tjón sem á bátnum kunna að verða meðan hann stendur á sínum stað um borð í skipinu eða er í notkun sem björgunarbátur.

Bráðabirgðaviðgerð

- 22.11 Fari fram bráðabirgðaviðgerð á bótaskyldu tjóni bætir félagið kostnað vegna þeirrar viðgerðar að því marki sem hún kemur að notum við fullnaðarviðgerð.

23. Tvítrygging

- 23.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 23.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 23.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

24. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

C. Ábyrgðartrygging

25. Vátryggingarfjárhæð

Hámark samanlagðra bóta samkvæmt þessum kafla vegna eins tjónsatburðar fer eftir ákvæðum IX. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

26. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 26.1 Tjón sem vátryggt skip veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé um að ræða beint líkamseða munatjón sem vátryggður veldur með saknæmum og ólögmetum hætti.

- 26.2. Kostnað við að fjarlægja flak skips þriðja aðila.

Vátryggingin bætir ekki:

- 26.3 Skaðabótakröfur frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns hins vátryggða skips, né skaðabótakröfur frá eigendum afla eða annars sem skipið flytur.

- 26.4 Tjón þriðja manns vegna ábyrgðar vátryggðs á skemmdum munum eða glataðra muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi.

- 26.5 Sektir og önnur refsiviðurlög.

- 26.6 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf.

27. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. þó 25. gr. skilmála þessara.

28. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 28.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi, sbr. þó 25. gr. skilmála þessara.

- 28.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

- 28.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.



28.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingar-atburð.

28.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingar-atburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

29. Staða tjónþola við tjón

29.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

29.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.

29.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

29.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

30. Meðferð bótakrafna

30.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

30.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

31. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2010.